



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ártúnsskóli, leikskóladeild

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 44	
2 55	
3 7	
4 9	
5 18	
5 21	
6 2225	
7 23	
8 23	
9 24	
10 25	
10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025	28
10.2 Umsögn foreldraráðs	30





Leiðarljós leikskólans: **Árangur - Virðing – Velliðan**



1 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar litið er til baka yfir síðasta skólaár er af ýmsu að taka. Skólaárið hefur verið lærdómsríkt og gefandi þrátt fyrir krefjandi tíma inn á milli. Haustið 2023 fór vel af stað í leikskóladeild Ártúnsskóla þó tíma hafi tekið að fullmanna húsið. Nýr aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar tók til starfa í ágúst og starfsmannahópurinn breyttist að hluta til vegna langtímaveikinda um haustið. Eftir áramót tók til starfa nýr sérkennslustjóri og nýir starfsmenn bættust í okkar góða hóp. Við reyndum að halda uppi þjónustu þrátt fyrir langtíma – og skammtíma veikindi og annað sem þurfti að vinna með í starfsmannahópnum. Það kom fyrir að skerða þurfti þjónustu að einhverju leyti í vetur en foreldrar tóku því með þolinmæði og sýndu skilning á aðstæðum.

Starfið var nokkuð hefðbundið og við settum kraft og fókus á fá en góð verkefni sem þörf var á að skerpa eða innleiða. Hér er gleðin við völd alla daga og leggjum við áherslu á að öllum líði vel, bæði börnum og starfsfólki. Við leggjum áherslu á félagsfærni og tungumálið og að börnin upplifi sig sem hluta af góðum hópi sem fæst daglega við verkefni leikskólans sem þau sjálf fá að vera þátttakendur í að móta. Frjálsi leikurinn á stóran stað í hjarta okkar sem hér störfum og höfum við reynt að efla þátt hans í vetur og ennfremur bætt okkur í samvinnu milli deilda með því að innleiða svokallaðar flæðistundir í starfinu þar sem frjáls leikur er undirstaðan. Málörvun er okkur mjög mikilvæg og höfum við nýtt okkur starfsdaga til að efla okkur á því sviði.

Skólinn okkar er staðsettur á dásamlegum stað með fallegu umhverfi og leggjum við áherslu á að nýta það til útikennslu með börnunum. Áhersla hefur verið á að efla sköpun í starfinu og hluti af því er að nýta náttúruna til sköpunar, s.s. með því að safna opnum efnivið til verkefnavinnu. Við höfum lagt áherslu á að efla gönguferðir með börnunum og hefur það gengið vel, sérstaklega þegar vel viðrar.

Við höfum tekið dýrmæt skref í átt að aukinni samvinnu við grunnskóladeild og heilt yfir gengið mjög vel. Við endurskoðuðum samvinnuáætlun milli skólastiganna, komum á fót lestrar- og leikstundum milli skólastiga og skrifuðum samskiptasáttmála. Við fengum til okkar bæði danskennslu og tónlistarkennslu í vetur og var það mjög svo kærkomin viðbót við leikskólastarfið. Við munum halda því áfram á næsta skólaári og hlökkum til að þróa það áfram. Við nýttum okkur íþróttasal skólans í meira mæli og útivæði skólans þegar grunnskólanemendur voru ekki að nýta það og gafst það mjög vel. Samvinna við grunnskólahluta eflir börn og starfsfólk og þau upplifa sig sem hluta af stærri heild. Það styrkir þau í því sem gerist í þeirra lífi þegar þáttaskil verða við 5 – 6 ára aldur og þau útskrifast frá okkur. Samstarfið styður því við þau á allan hátt fyrir komandi tíma. Einnig höfum við verið að bæta námsaðstæður barna, vinnuaðstöðu og aðbúnað með því að endurnýja hluti í þeim mæli sem fjármagn leyfir. Nokkrir starfsmenn hafa ákveðið að róa á ný mið, halda í nám eða prófa nýja hluti svo nokkrar breytingar munu verða á starfsmannahópnum næsta haust. Það er trú okkar að vinnustaðurinn verði áfram skemmtilegur og lifandi með blómlegu leikskólastarfi börnum til heilla.

Ellen Gísladóttir, skólastjóri Ártúnsskóla

Svava Björk Ásgeirsdóttir, aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar Ártúnsskóla





1 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Deildarfundir, Hugarfrelsi, Starfsmannafélag
Hvernig fór matið fram?	Umræður á deildarfundum, starfsmannafundum, skipulagsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Deildarfundir: Með því að hafa reglulega deildarfundir yfir veturinn eins og áætlun gerir ráð fyrir geta starfsmenn deilda samræmt vinnubrögð betur og upplýsingaflæði verður betra. Teymi unnu betur saman og við fengum fræðslu inn þar sem þurfti, t.d. varðandi samskiptavanda barna og agastjórnun. Deildarfundir voru áætlaðir á 2 vikna fresti og þarf að stuðla að því að það standist.</p> <p>Hugarfrelsi: Var sett sem matsþáttur á hverri deild og hefur námsefnið haldið sér að nokkru leyti í daglegu starfi og aukið vellíðan barna og starfsfólks þegar notað markvisst. Nýtist vel í minni hópum í hvíld en mætti nýta betur inn á milli þegar þörf er á. Tímabært að fá fræðslu fyrir það starfsfólk sem þekkir ekki efnið sem og til að efla þá sem þekkja það frekar.</p> <p>Starfsmannafélag: Aukning varð á þátttöku starfsmanna í hinum ýmsu viðburðum skólans á síðasta ári og hefur raunin verið svipuð á þessu ári. Jákvætt umtal um viðburði, fólk hvetur hvert annað til að mæta, sameinast í bíla, allt stuðlar að aukinni samveru utan vinnutíma.</p>

Ytra mat

Skóla- og frístundasvið gerði könnun á meðal foreldra leikskólans í maí 2023 og svarhlutfall var 72,9%. Helstu niðurstöður voru að margir þættir höfðu lækkað frá síðustu könnun. Styrkleikar könnunarinnar voru m.a. að barninu liði vel í leikskólanum og að foreldrar teldu barnið öruggt í leikskólanum. Þeir þættir sem þurfti klárlega að vinna betur með sneru að aðkomu foreldra að starfinu, skilningi þeirra á stefnu leikskólans og hvað væri verið að gera dags daglega með börnunum. Einnig var komið inn á að aðbúnaður skólans væri orðinn ansi lúinn og þyrfti að endurnýja margt.





Á skólaárinu hefur verið markvisst unnið að því að skipta út ónýtum efnivið, löskuðum innréttingum og öðru sem á ekki heima í nútíma leikskólastarfi. Geymsla í kjallara var tekin í gegn, en þar er einungis hægt að geyma grófa hluti sem nýtast utandyra s.s. grill, kerrur, skóflur og annað sem tilheyrir garðinum. Við höfum sótt um að garðurinn verði endurbættur s.s. bekkir og borð, kofar og sandkassi, grindverk máluð eða skipt um þau. Við fengum nýjar lokur á hlið garðsins þar sem annað þeirra var ónýtt og önnur lokan of lág með tilheyrandi áhættu þegar um ung börn er að ræða.

Gluggar hússins voru

þéttir að utanverðu og málaðir til að sporna við leka.

Innandyra átti ýmis vinna sér stað við endurbætur. Allar deildir voru málaðar, salur, kaffistofa, gangur og flestir gluggar og hurðakarmar málaðir. Listasmiðja fékk yfirhalingu og tiltekt og komið á betra



flokkunarkerfi með efnivið. Einnig var geymsla í sal tekin í gegn, leikföng flokkuð og ónýtum hent.

Við höfum endurnýjað mottur á flestum deildum, gert aðstöðuna huggulegri í sérkennslurýminu okkar, minnkað leikföng svo börn geti auðveldlega valið sér efnivið eftir áhuga og skipt er reglulega út leikföngum. Á næsta ári þarf að skoða hvort fjármagn fái til að bæta við efnivið sem nýtist á öllum deildum s.s. einingakubba, holukubba, stærðfræðitengt efni og tækni, t.d. spjaldtölvur og heyrnartól fyrir vinnu með málörvun, tónlist og sköpun.

Hvað var metið? Foreldrakönnun	
Hvernig fór matið fram?	Með könnun fyrir foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar





2 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun/ Lubbi finnur málbein Sköpun Samvinna deilda
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<p>Málörvun/Lubbi: Við fengum fyrirlestur frá Miðju máls og læsis um málörvun almennt í vetur sem hjálpaði okkur að stilla strengi. Aukið vægi sett á að starfsmenn lyfti lestri og söng upp á öllum deildum. Jákvæðni starfsfólks og áhugi er styrkur. Málörvunarhópar myndaðir eftir áramót og þá gekk betur að vinna með þau sem þurfa meira sem og fjöltyngd börn.</p> <p>Tækifæri eru til umbóta og þess vegna er þetta atriði ein af áherslum næsta árs. Hlutfall fjöltyngdra barna hefur hækkað snarlega hjá okkur og við teljum okkur verða að bregðast við því og ljóst að efling málörvunar sé styrkur fyrir öll. Þörf er á að gefa málörvun meira vægi í degi barnanna, t.d. í samverustund að morgni. Frá hausti 2024 þarf að festa málörvun í sessi í öllum morgunstundum á öllum deildum sem og að mynda hópa í samstarfi við sérkennslustjóra fyrir þau börn sem á þurfa að halda. Brýnt að fá inn námskeið fyrir starfsfólk í námsefninu <i>Lubbi finnur málbein</i> svo starfsfólk kunnir að nýta sér efnið.</p> <p>Sköpun: Ljóst var að sköpun fékk ekki nægilegt rými í leikskólastarfinu. Oft var gripið í leikföng í staðinn fyrir að bjóða upp á sköpun. Með því að skipuleggja starfið dag frá degi og hafa inni í skipulaginu stundir þar sem einn starfsmaður sér um ákveðið verkefni tengt sköpun myndaðist tækifæri til að bjóða börnum upp á markvissa sköpun í leikskólastarfinu. Við erum komin aðeins á skrið með þennan þátt og sjáum brýna ástæðu til að efla hann frekar á næsta ári.</p> <p>Tækifæri er til að efla sköpun með því að fá inn fræðslu um sköpun í leikskólastarfi t.d. á starfsdegi, miðla af reynslu á fundum og gefa starfsfólki aukna ábyrgð með verkefni.</p> <p>Samvinna: Starfsfólk upplifði sig ekki vita hvað hinar deildirnar væru að fást við með sínum hópum og að samvinna væri mjög lítil og viðfangsefni stýrð. Við innleiddum að hluta til hugmyndafræði sem kallast <i>Flæði</i> og höfum á vormánuðum haft þær stundir einu sinni í viku. Í flæðistundum fá börnin að velja sér sjálf viðfangsefni á hvaða deild sem er. Starfsfólk skiptir sér niður á</p>





	deildir/verkefni og einhverjir fylgja börnum. Þetta hefur aukið samstarf starfsfólks og samveru og gefið af sér áhugahvetjandi anda. Þörf er á að efla þetta enn frekar og festa í sessi svo meiri árangur náist, sem og að þessi hugmyndafræði verði í framtíðinni hluti af stefnu skólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tækifæri til umbóta er að fá inn aukna fræðslu um hugmyndafræðina og að halda áfram að þróa þessar stundir. Gefa áhugasömu starfsfólki aukna ábyrgð í stundunum og hlusta á raddir barna. Auka skráningu og eftirfylgni.
Ábyrgð	Aðstoðarskólastjóri, skólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Málörvun, vægi sköpunar og samvinnu skoðuð í heild í leikskólanum. Hvernig er henni háttað, hvað gekk vel og hvað þarf að bæta. Byggt á samtali starfsfólks á starfsdögum og á deildarfundum. Samtali deildarstjóra, sérkennslustjóra og aðstoðarskólastjóra á deildarstjórafundum, annarra stjórnenda á stjórnendafundum. Í hverjum mánuði eru sett markmið og þeim fylgt eftir. Viðtöl við börn, sjálfsmat.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þegar málörvun er komin í fastan farveg án þess að þurfa mikla skipulagningu eða undirbúning. Verður eðlilegur hluti af starfi á deild. Þegar sköpun fléttast inn í samvinnustundir barna og leikurinn fær vængi í frjálsu flæði í áhugahvetjandi umhverfi. Velliðan barna og starfsfólks skín í gegn.



3 Innra mat deilda 2023-2024

3.1 Árholt

Aðlögun barna var þrískipt í haust, aðallega vegna mönnunarvanda. Þegar búið var að fullmanna var hægt að ljúka aðlögun og var það gert í byrjun október. Áherslan á deildinni fyrir áramót var aðlögun barna og að skapa takt í deginum með þeirra þarfir í huga. Allir foreldrar mættu í fyrsta viðtal fyrir aðlögun og voru viðtöl aftur boðuð í janúar fyrir þá sem það kusu. Síðustu foreldraviðtölin voru boðuð í maí. Skipulagt starf var í frekar föstum skorðum og um sumarið var lögð áhersla á samvinnu deilda, útinám og aðlögun þeirra barna sem myndu flytja yfir á Lágholt um haustið.



Á deildinni er vel staðið að daglegri málörvun og unnið með grunnorðaforðann í gegnum leik og starf sem börnin taka þátt í, oftast í minni hópum. Stuðst hefur verið við Lubba, Orðaspjall og Orðaleik, ásamt ýmsum bókmenntum og söngvum. Hæfniramar hafa verið nýttir sem og Tras. Unnið er með Gefðu 10 en lítið er um skráningar því tengdu og það má bæta.

Hugarfrelsi hefur nýst að litlu leyti á deildinni en unnið með slökun og að skapa rólegt andrúmsloft. Mest verið að nýta tónlist og styttri slökunaræfingar með svo ungum börnum. Mjög vel hefur gengið að efla gæði samverustunda og náðst hefur góður taktur og gæði í þær stundir.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málörvun	Á deildarfundum, deildarstjórafundum	Starfsmenn	Það hefur gengið vel að stuðla að daglegri málörvun, áhugasamt starfsfólk er styrkur, tækifæri til umbóta er að



			efla skráningar og veita starfsfólki viðeigandi fræðslu um námsefnið, t.d. Lubba.
Hugarfrelsi	Á deildarstjórafundum	Starfsmenn	Gengið ágætlega að skapa rólegt andrúmsloft og Hugarfrelsi nýtt að hluta til. Hægt að nýta betur, starfsmenn þurfa að fá tækifæri til að læra á námsefnið.
Samverustundir	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Starfsmenn	Gæði samverustunda hafa aukist á tímabilinu í heild. Það gengur best þegar fullmannað er og hægt að vera með þrjá hópa, gengur erfiðlega þegar er bara hægt að vera með tvo hópa. Það myndast betri gæði ef færri eru saman. Vel hefur tekist að skapa ró og að málörvun fari fram í samverustund með gleði og öryggi barna að leiðarljósi. Hægt að nýta samverustundir enn frekar í markvissari málörvun.



3.2 Lágholt

Á Lágholti byrjaði haustið vel með fullmannaða deild fyrst um sinn. Aðlögun barna hófst þegar í september og var fljótlega komin ágætis taktur í starf deildarinnar. Breytingar urðu á starfsmannahópnum strax í október þegar langtímaveikindi skárust í leikinn og breytingar urðu á deildarstjórn í kjölfarið. Auk þess höfðu tveir starfsmenn deildar sagt upp störfum um haustið og var því nokkuð viðkvæmur tími starfsmannalega séð fram til nóvember mánaðar. Helsta markmið á deild fyrir áramót var því líðan barna og að skapa þeim rólegt og gott andrúmsloft í skólafinu. Allir foreldrar mættu í foreldraviðtöl um haustið og vorum við með viðtöl á nýjan leik í apríl /maí. Skipulagt starf var í frekar föstum skorðum og um sumarið var lögð áhersla á samvinnu deilda, útinám og aðlögun þeirra barna sem myndu flytja yfir á Háholt um haustið.



Á deildinni er vel staðið að daglegri málörvun og unnið með grunnorðaforðann í gegnum leik og starf sem börnin taka þátt í, oftast í minni hópum. Frekar hátt hlutfall barna eru fjöltyngd þannig að áhersla hefur verið lögð á að stuðla að bættri málörvun og er það áframhaldandi áhersla á næsta ári. Stuðst hefur verið við Lubba, Orðaspjall og Orðaleik, ásamt ýmsum bókmenntum og söngvum. Hæfniramar hafa verið nýttir sem og Tras. Unnið er með Gefðu 10 en lítið er um skráningar því tengdu og það má bæta.

Hugarfrelsi hefur nýst að litlu leyti á deildinni en unnið með slökun og að skapa rólegt andrúmsloft. Mest verið að nýta tónlist og styttri

slökunaræfingar með svo ungum börnum. Mjög vel hefur gengið að efla gæði samverustunda og náðst hefur góður taktur og gæði í þær stundir. Börnin fóru í skipulagðar tónlistar – og dans stundir í vetur og samkvæmt sjálfsmati þeirra var mikil ánægja með það í heild.

Útikennsla varð meiri eftir áramót í kjölfar stöðugri starfsmannahóps og tækifæri nýtt sem gáfust til þess að kanna nærumhverfið með gönguferðum og skoðunarferðum. Áhersla á að safna opnum efniviði úti í náttúrunni og nýta hann til verkefnavinnu og sköpunar með börnunum.



Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Útikennsla	Á deildarstjórafundum, deildarfundum	Starfsmenn	Nýtt voru þau tækifæri sem gáfust til að efla og styðja við útikennslu í vetur. Staðan var þyngri fyrir áramót vegna starfsmannabreytinga en eftir áramót, sérstaklega undir vorið, tókst betur að koma inn meiri útikennslu, t.d. með betri æfingu í að minnka hópa og nýta tækifæri í nærumhverfinu t.d. með gönguferðum, nýtingu á opnum efnivið úr náttúrunni. Tækifæri til umbóta eru til staðar, efla þarf markvisst starf og fá inn fræðslu fyrir starfsmenn svo þau átti sig á fjölbreytileika útináms í heild sinni.
Hugarfrelsi	Á deildarstjórafundum	Starfsmenn	Gengið ágætlega að skapa rólegt andrúmsloft og Hugarfrelsi nýtt að hluta til. Hægt að nýta betur, starfsmenn þurfa að fá





			tækifæri til að læra á námsefnið.
Samverustundir	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Starfsmenn	Gæði samverustunda hafa aukist á tímabilinu. Það gengur best þegar fullmannað er og hægt að vera með fleiri hópa en færri, þannig myndast betri gæði. Vel hefur tekist að skapa ró og að málörvun fari fram með gleði og öryggi að leiðarljósi.

3.3 Háholt

Háholt var orðin fullmönnuð síðust af deildunum okkar þetta árið. Deildin opnaði á sínum venjulega tíma í ágúst en við gátum ekki tekið börn í aðlögun fyrr en í lok september, byrjun október. Breytingar höfðu orðið á starfsmannahópnum á deildinni sem og á öðrum deildum og tók nýr deildarstjóri við deildinni um haustið. Einnig vorum við með nýja starfsmenn en allt gekk það vel og úr varð mjög gott teymi starfsfólks. Stuðningur á deildinni var meiri en árið áður og það í bland við fulla deild gerði það að verkum að helsta markmið okkar fyrir áramót var að samræma vinnubrögð við þarfir barnanna til að skapa rólegra starfsumhverfi. Um tveggja vikna skeið fluttum við deildina yfir í grunnskóladeild vegna endurbóta á deildinni. Það gekk mjög vel og sýndu börnin frábæra aðlögunarhæfni í nýjum aðstæðum. Þarna skapaðist tækifæri til aukins samstarf við grunnskóladeild sem var í kjölfarið stórefld. Skipulagt starf var í frekar föstum skorðum og unnin hin ýmsu verkefni sem sneru mikið til að félagsfærni og tilfinningum í bland við skapandi starf, læsi og málörvun.

Allir foreldrar mættu í foreldraviðtöl um haustið og vorum við með viðtöl á nýjan leik í apríl /maí. Á deildinni er vel staðið að daglegri málörvun og unnið með læsi í gegnum leik og starf sem börnin taka þátt í, oftast í minni hópum. Frekar hátt hlutfall barna eru fjöiltyngd þannig að áhersla hefur verið



lögð á að stuðla að bættri málörvun og er það áframhaldandi áhersla á næsta ári. Stuðst hefur verið við Lubba, Orðaspjall og Orðaleik, ásamt ýmsum bókmenntum og söngvum. Hæfniramar hafa verið nýttir sem og Tras og Hljóm. Unnið er með Gefðu 10 en lítið er um skráningar því tengdu og það má bæta.

Hugarfrelsi hefur nýst vel með þessum hópi en unnið er með slökun, tilfinningastjórn og að skapa rólegt andrúmsloft. Mjög vel hefur gengið að efla gæði samverustunda og náðst hefur góður taktur og gæði í þær stundir. Börnin fóru í skipulagðar tónlistar – og dans stundir í vetur og samkvæmt sjálfsmati þeirra var mikil ánægja með það í heild.

Útikennsla varð meiri eftir áramót líkt og hjá öðrum deildum og tækifæri nýtt sem gáfust til þess að kanna nærumhverfið með gönguferðum og skoðunarferðum. Áhersla á að safna opnum efnivið úti í náttúrunni og nýta hann til verkefnavinnu og sköpunar með börnunum. Á vormánuðum var deildin mjög öflug í útinámi og fór heilmargar skoðunarferðir bæði í nærumhverfi sem og lengri ferðir.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Útikennsla	Á deildarstjórafund	Starfsmenn	Nýtt voru þau tækifæri sem gáfust til að efla og styðja við útikennslu í



	um, deildarfundum		vetur. Staðan var þyngri fyrir áramót vegna starfsmannabreytinga en eftir áramót, sérstaklega undir vorið, tókst betur að koma inn meiri útikennslu, t.d. með betri æfingu í að minnka hópa og nýta tækifæri í nærumhverfinu t.d. með gönguferðum, nýtingu á opnum efnivið úr náttúrunni. Tækifæri til umbóta eru til staðar, efla þarf markvisst starf og fá inn fræðslu fyrir starfsmenn svo þau átti sig á fjölbreytileika útináms í heild sinni.
Hugarfrelsi	Á deildarstjórafundum	Starfsmenn	Gengið ágætlega að skapa rólegt andrúmsloft og Hugarfrelsi nýtt að hluta til. Hægt að nýta betur, starfsmenn þurfa að fá tækifæri til að læra á námsefnið.
Samverustundir	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Starfsmenn	Gæði samverustunda hafa aukist á tímabilinu í heild. Það gengur betur þegar fullmannað er og hægt að vera með fleiri hópa. Það myndast betri





			gæði ef færri eru saman. Vel hefur tekist að skapa ró og að málörvun fari fram í samverustund með gleði og öryggi barna að leiðarljósi. Hægt að nýta samverustundir enn frekar í vinnu með læsi.
--	--	--	--

Styrkleikar

Segja má að styrkleikar deilda séu um margt sameiginlegir. Þar ber hæst að nefna að samvinna og samtal milli fólks styrkir og eflir það í starfi. Þannig verða gæði náms betri fyrir börnin. Aukinn vöxtur hefur verið í að ná betur utan um samverustundir á deildum og að efla málörvun. Það hefur tekist mjög vel á árinu og mun halda áfram að vaxa. Með aukinni fræðslu um það námsefni sem verið er að nota, s.s. hugarfrelsi eða Lubba er von til að starfsfólk geti betur tileinkað sér það og nýtt dagsdaglega. Undirbúningstími er of naumur í leikskólaumhverfinu og mikið á fólk lagt að tileinka sér alls konar hæfni á gólfínu. Það bjargar oft málum hvað starfsfólk er áhugasamt og tilbúið að leggja aukalega á sig til þess að það læri betur að nýta sér það sem verið er að vinna með hverju sinni.

Tækifæri

Ljóst er að betur má ef duga skal og á það við í þeim umbótaþáttum sem settir voru fram í síðustu starfsáætlun leikskóladeildarinnar. Þó hefur mýmargt verið eflt og er hópurinn mjög stoltur af því sem við höfum náð að styrkja okkur í á árinu. Við sjáum fyrir okkur að efla enn frekar þátt málörvunar á öllum deildum, í sérkennslu og heilt yfir í húsinu og munum koma til með að hlúa að þeim þætti. Það gerum við með því að fá inn áframhaldandi stuðning og fræðslu og vera stöðugt með puttann á púlsinum hvernig okkur gengur.

Gæði samverustunda eru okkur mikilvæg og einn liður skólastarfs sem ávallt þarf að skoða og gera úrbætur á ef þörf er á. Við vinnum með lifandi efnivið alla daga og er umhugað um að þeirra líðan og öryggi sé í fyrirrúmi. Við sjáum fyrir okkur að vinna jöfnum höndum áfram





með þann þátt skólastarfsins þó hann sé ekki hluti af nýrri umbótaáætlun. Það sama má segja um útikennsluna, en hún er stór þáttur skólastarfs Ártúnsskóla í heild og við sjáum fyrir okkur að geta eftt þann þátt til muna, en það gætum við t.d. gert með meira samstarfi við grunnskóladeildina ef tækifæri gefast til, t.d. með því að samnýta mannauð.

Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjöllum.





4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir þau börn sem voru með stuðning. Lögð er áhersla á að stuðningur sé inn í barnahópnum en jafnframt séu einstaklingar stundum teknir út í minni málörvunarhópum. Starfsmenn í stuðningsteymi skráðu þá einstaklingsvinnu sem fram fór með börnunum á þar til gerð skráningarblöð. Deildarstjórar sjá um skráningu t.d í ferilmöppu úr hópastarfi deildar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 o.fl.</p>	<p>TRAS var fyllt út af deildarstjórum í samvinnu við sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri lagði EFI-2 fyrir börn á fjórða aldursári. Hljóm var lagt fyrir elstu börnin. Foreldrar fylltu út Smábarnalistann og Íslenska þroskalistann ef talin var þörf á að skoða málin nánar. AEPS er notað sem grunnur í einstaklingsáætlun. Einnig notast við ýmsa gátlista.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Lubbi og námsefni tengt honum er helst notað í málörvun einnig Orðagull. Ýmis spil og málörvunarmyndir. Notast hefur verið við námsefni á vef, t.d. www.fjolfreyttkennsla.is , www.123skoli.is og einnig efni sem starfsfólk hefur búið til. Aðkeypt námsefni er einnig notað s.s. myndabanki.</p>





Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markvissari málörvun í almennu deildarstarfi sem og í litlum málörvunarhópum. Málörvunarhópar eru einnig kjörið tækifæri til að kynnast börnum betur í minni hópum og eiga gæðastundir með þeim.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Búnir til hópar strax að hausti og skipulögð málörvun sett inn í skipulag deilda strax. Skipulag deilda taki einnig mið af að það sé lestur og söngur a.m.k. einu sinni á dag.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Öll börn sem þurfa fara a.m.k. einu sinni í viku í málörvun þó svo þau séu ekki með skilgreindan stuðning. Það málörvunarefni sem er til á leikskólanum er merkt með innihaldi og hugmyndum um hvernig megi nota það. Búið til skipulag fyrir málörvunar stundirnar þannig að auðvelt sé að skipuleggja hverja stund. Deildarstjórar fræddir um og studdir í hvernig megi hafa málörvun í daglegu starfi deilda.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – júlí 2025 (skólaárið)
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með matsgögnum sem leikskólinn notar s.s. TRAS, EFI og Hljóm. Vinnan einnig metin með deildarstjórum á deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skráningar í lok hvers mánaðar sýna að hver hópur hefur farið 1 x í viku í málörvun. Skráningar sýna einnig hvað er gert og hvernig gekk. Matsgögn eins og TRAS, EFI og Hljóm sýna fram á árangur af málörvunarhópum.





Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Nota Gefðu 10 aðferðina markvisst og reglulega í deildarstarfi. Bæði til að málörvunar og til að kynnast og tengjast börnum betur.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Deildarstjórar og annað starfsfólk noti Gefðu -10 markvisst sem tækifæri til málörvunar og ekki síst til tengsla við börn sem sérstaklega þurfa á því að halda t.d. vegna hegðunar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin á hverri deild eru kortlögð þannig að það sé hægt að sjá hver þörfin er mest hverju sinni.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – júlí 2025 (skólaárið)
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarstjórar meta í samvinnu við sérkennslustjóra á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Deildarfundir nýttir í að kortleggja á þar til gerð blöð. Samantekt skráninga 1x í mánuði sýnir fram á að aðferðin hafi verið notuð með þeim börnum sem kortlagning sýndi fram á að þurfa þess.





1. 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagn sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagn var nýtt í að kaupa efni til málörvunar.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Alltaf er verið að vinna með orðaforða á deildum . Gefðu 10 notað að einhverju leyti stefnt er á að nota það með markvissari hætti.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Unnið er með orðaforða í öllu starfi deilda. Notast er t.d Lubbi finnur málbein og áhersla lögð á að setja orð á allt.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Það þarf að bæta úr hér og nota hæfnisramma í meira máli. Ekki gerðar einstaklingsáætlanir fyrir öll fjöltyngd börn nema sé um að ræða meiri frávik.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Læsisstefna leikskólans er í vinnslu. Stefnt er á ljúka þeirri vinnu haustönn 2025. Margt hefur áunnist á þessu skólaári í að gera starfsfólk meðvitaðri um þá vinnu sem á að fara fram til að stuðla að læsi í víðum skilningi. Læsisstefna leikskólans mun ýta undir og styðja við þá vinnu enn frekar.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna Allar deildir	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hæfniramma nýttir markvisst sem tæki til að fylgjast með framförum í orðaforða fjöltyngdra barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fylla út í hæfniramma fyrir öll fjöltyngd börn leikskólans
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum setjast niður með reglulegu millibili og fylla út í hæfniramma
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – júlí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið í samstarfi við deildarstjóra með því að skoða hæfniramma og þá þróun sem hefur átt sér stað í orðaforða barnanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Búið er að fylla út í hæfniramma fyrir öll fjöltyngd börn leikskólans með reglulegu millibili í lok skólaárs. Hæfniramma sýna fram á þróun máls hjá börnunum og aukin orðaforða.





Deild/aldur barna Allar deildir	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun sérstaklega sniðin að þessum hópi barna. Við viljum styðja við íslenskunám þeirra til viðbótar við það starf sem fer fram á deildum. Von okkar er að sjá að börn með fjölbreyttri verði öruggari með sig og þori því í auknum mæli að tjá sig að fyrra bragði.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fjölbreytt börn sem hæfniramar sýna að eru á svipuðum stað er varðar orðaforða í íslensku eru sett saman í málörvunarhópa jafnvel þvert á deildar
Aðferðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Málörvun 1 x í viku með hverjum hóp. Notast er við fjölbreyttar aðferðir s.s myndasöfn, Lubbi finnur málbein , söngur og þulur. Farið eftir skipulagi fyrir málörvunarstundir sem sérkennslustjóri býr til þannig að auðvelt sé að skipuleggja hverja stund
Ábyrgð	Deildarstjóri ásamt sérkennslustjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – júlí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hæfniramar eru notaðir sem matstæki sem og önnur matsgögn sem leikskólinn notast við
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hæfniramar sýna fram á aukin orðaforða. Við sjáum að börnin tjá sig meir í almennu starfi leikskólans og taki meira frumkvæði í frjálsum leik.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars/apríl og tók aðstoðarskólalastjóri leikskóladeildar þau. Í heildina litið var mjög mikil ánægja með daglegt starf leikskólans og starfsfólk sátt við sín verkefni. Starfsmenn telja samheldni hafa aukist í starfsmannahópnum, vellíðan í vinnu og starfsánægja sé mjög góð og lausnaleit, í stundum krefjandi aðstæðum, sé nálgun sem fólk tileinki sér. Starfsmenn eru mjög ánægðir með aukið samstarf við grunnskóladeild og upplifa sig sem hluta af heildar starfsmannahópi skólans.

Við leitumst við að skoða fræðslu á sem fjölbreyttustu stöðum fyrir okkar starfsfólk. Á árinu fengum við fræðslu frá Miðju máls og læsis á starfsdegi í febrúar og eftirfylgni var ákveðin með áframhaldi í haust. Málþroski og málörvun var yfirskrift fræðslunnar og nýttist vel í þau verkefni sem við vinnum daglega í leikskólanum. Við viljum styðja við og efla okkar fólk og fóru deildarstjórar frá okkur á námskeið um starf deildarstjórans og um snemmtæka íhlutun í vetur. Við leitumst við að benda fólki á áhugavert efni og fræðslu og erum mjög stolt af því að fimm starfsmenn frá okkur stefni á nám í kennslufræðum í haust og er það hátt hlutfall í svo litlum starfsmannahópi.





Áætlun um starfsþróun næsta árs sjá fylgiskjal 2.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við gerum ávallt samstarfssamning á milli grunnskóla- og leikskóladeildar að hausti. Hann stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu með það markmiði að auðvelda tilfærslur nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann.

Við ákváðum að efla okkur að þessu leyti verulega í vetur. Við fengum danskennslu í sal sem og tónlistarkennslu eftir áramót fyrir öll börn leikskólans og studdi það heilmikið við hreyfingu og vellíðan hjá leikskólabörnunum auk þess sem það eflði okkur í samstarfi milli skólastiga.

Samstarfssamningur var eflður til muna og lestrarstundir settar inn hjá öllum árgöngum grunnskólahluta. Allir árgangar komu því yfir í leikskólann í vetur í 45 mínútna langa heimsókn. Stundin byrjaði á því að eldri nemendurnir lásu fyrir þau yngri bók við hæfi aldurs og áhuga og að því loknu tók við samverustund í frjálsum leik á leikskólanum. Verkefnið studdi við samstarf fagfólks milli skólastiga og jók áhuga á læsi í heild sinni. Elstu börnin fóru á vormánuðum í matsal til að snæða hádegismat og eiga leikstundir í Skólaseli, en þess má geta að vegna framkvæmda þurfti sá hópur að flytjast tímabundið sl.haust um tveggja vikna tíma yfir í grunnskólahluta. Þá fengu þau mjög gott tækifæri til að læra á skólahúsnæðið, kynnast starfsfólki og læra í nýjum aðstæðum.

Við settum mun meiri tíma í samstarf elstu barna við 1.bekk. Þau fóru í heimsóknir þangað, fengu að leika, borða í matsal og unnu þemaverkefni yfir mánaðartíma á vormánuðum.

Einnig fóru leikskólabörn af Lágholti og Háholti einu sinni í viku í íþróttasal í vetur sem og að skólalóð var nýtt meira þegar grunnskólabörn voru innandyrá.

Bókasafnið var nýtt til heimsókna og yndislesturs en von er til að nýta það enn frekar í framtíðinni.

Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar sjá fylgiskjal 3.

8 Foreldrasamvinna

Eitt af því sem við vildum bæta hjá okkur var sýnileiki stjórnenda og aukið upplýsingaflæði. Markvisst voru stjórnendur að vinna í að taka á móti börnum og foreldrum í upphafi og við lok dags, gefa sig á tal við fólk og sýna áhuga. Við lögðum áherslu á það að eiga í enn betra samtali við foreldra um börnin og starfið í skólanum. Markmið var að efla upplýsingaflæði leikskólans og lögðum við áherslu á það. Við gerðum það með því að senda vikulegan póst til foreldra frá stjórnendum skólans og auk þess eflum við þátttöku deildarstjóra í upplýsingaflæði frá okkur. Vikulega sendu deildarstjórar bréf





til foreldra þar sem upplýst var um það sem var í gangi á deildum og það sem var framundan. Áhersla var lögð á að efla foreldrasamskipti og starfsmenn hvattir til að gefa sig meira að foreldrum í upphafi og við lok dags. Við ætlum að gera enn betur næsta vetur og setja upp áætlun um fræðslu tengda öðrum þáttum sem við erum að vinna með í skólanum. Á haustmánuðum er von til að fjalla um svefn, skjánotkun og mikilvægi lesturs heima.

Foreldraviðtöl voru við foreldra nýrra barna strax í ágúst, fyrir aðlögun. Önnur foreldraviðtöl áttu sér stað í september/október. Eftir áramót vorum við með foreldraviðtöl í apríl/maí. Mjög vel mætt var í öll viðtölin, jákvæð umræða og ánægja foreldra.

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Við samrekinn skóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í skólaráði sitja fimmtán manns. Skólaráð fundar að jafnaði sex sinnum á ári, fyrsta miðvikudag í mánuði annan hvern mánuð. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum. Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári. Annars vegar í nóvember og hins vegar í apríl.

Í Ártúnsskóla starfar eitt foreldrafélag. Þar eru meðlimir foreldra barna í leik- og grunnskólahluta.

Viðburðir á vegum foreldrafélagsins hafa verið m.a. jólaföndur, páskabingó, hrekkjavökuball og vorverkadagur. Einnig greiðir foreldrafélagið jólasvein fyrir leitina að jólasveininum og jólaball leikskólans. Í vor greiddi foreldrafélagið að stórum hluta heimsókn Krakkahesta til okkar sem var mjög skemmtileg tilbreyting.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Fimm starfsdagar leikskólans eru á sama tíma og starfsdagar grunnskóladeildar Ártúnsskóla og þar af þrír sameiginlegir í hverfinu.

Starfsdagar skólaársins 2024-2025 eru: 27.september 2024, 22.nóvember 2024, 2.janúar 2025, 6.febrúar 2025, 19.mars 2025 og 5.maí 2025.





Leikskóladagatal sjá fylgiskjal 4.

10 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Umsögn skólaráðs

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun 2024-2025

Fylgiskjal 3 - Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2023-2024

Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal Ártúnsskóla 2024-2025

Fylgiskjal 5 – Viðburðadagatal leikskóladeildar Ártúnsskóla 2024-2025

10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025

Allar deildir leikskólans eru með sameiginlega umbótaáætlun fyrir árið 2024 - 2025. Okkar trú er sú að það komi til með að veita okkur enn betra tækifæri til að efla samstarf og stuðla að rauðum þræði í námi og leik barnanna. Með auknu samstarfi og samtali milli starfsfólks aukast líkur á meiri skilningi og starfsánægju sem skilar sér í auknum gæðum til barnanna.

Að þessu sinni viljum við einbeita okkur að tveimur þáttum í skólastarfinu, annars vegar frjálsa leiknum - flæðistundum og hins vegar tónlist og hreyfingu.

Deild/aldur barna: Allar deildir	
Umbótapáttur/matspáttur	Frjáls leikur – flæðistundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt að því að starfsfólk öðlist skilning á gildi frjálsa leiksins og hvað hann felur í sér. Skilji hvernig það styður við börn í leik og hvernig það getur nýtt sér ólíkar birtingarmyndir. Stefnt að því að frjáls leikur komi alfarið inn og svokallað „val“ sem er stýrt af fullorðnum detti út. Að flæðistundir verði eflar og hafi aukið vægi í skipulagi deilda og að starfsfólk skilji tilgang hugmyndafræðinnar um flæði í leik barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fá inn fræðslu – námskeið um frjálsa leikinn og hugmyndafræðina um flæði. Fá inn fyrirlestur t.d. Sara Margrét Óladóttir, Svava Björg Mörk, Kristín Dýrfjörð. Skráning á flæðistundum og frjálsum leik barna á deildum.
Ábyrgð	Aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar, skólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d.)	Mat lagt á framvindu 1 x í mánuði á deildarstjórafundum og deildarfundum. Sjálfsmat lagt fyrir börn að vori. Skráning skoðuð og ígrunduð.





könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk skilji og sýni í verki og vinnu færni til að sinna börnum í flæðistundum sem og í frjálsum leik. Að börn upplifi stundirnar á jákvæðan hátt og nái að sökkva sér í leikinn án truflunar og geti valið sér viðfangsefni eftir áhuga og þroska.

Tónlist og hreyfing í námi leikskólabarna	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að tónlist og hreyfing fái aukið vægi í námi leikskólabarna. Við jukum hvort tveggja á líðandi ári og viljum efla enn frekar. Stefnt er að tónlist og hreyfing verði vikulegur þáttur í námi leikskólabarna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Samvinna við grunnskólahluta um kennslu annars vegar í dansi/íþróttum og hins vegar í tónlist/sköpun. Grunnskólakennarar sjá um kennsluna að hluta til. Tækifæri er til að starfsfólk sem hefur áhuga geti eflst og séð um stundir sem þessar.
Ábyrgð	Aðstoðarskólustjóri leikskóladeildar, skólustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat lagt á framvindu 1 x í mánuði á stjórnendafundum, deildarstjórafundum og deildarfundum. Sjálfsmat lagt fyrir börn að vori. Skráning skoðuð og ígrunduð. Foreldrakönnun.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að tónlist og hreyfing stuðli að aukinni vellíðan leikskólabarna. Að stundirnar ýti undir aukna færni þeirra í félagslegum samskiptum, skapandi námi og auki sjálfstæða hugsun.





Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

1. 10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs? Já. Að okkar mati gera þær það.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? Mjög svo.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? Við teljum hana gefa góða og skýra innsýn inn í starfið. Gaman að sjá áherslur á foreldrasamstarf og hvað hefur verið gert til að bæta það. Við sjáum fram á áframhaldandi uppbyggingu í þeim efnum á næstu árum.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Engar athugasemdir.

Fulltrúar í foreldraráði:

Stefán Orri Stefánsson, formaður Foreldrafélags Ártúnsskóla

Birgir Smári Ársælsson

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Símenntunaráætlun starfsmanna Ártúnsskóla 2024 - 2025

Námskeið/fræðslufundir/kynningar

Námskeið – fræðslufundir og kynningar	Þátttakendur	Umsjón	Tímamagn	Tímasetning
Sumarsmiðjur SFS (Skráning á torginu)	Grunnskóla- og leikskóla- kennarar	SFS	Misjafnt	12. og 13. ágúst
Sumarsmiðjur Mixtúru	Grunnskóla kennarar	Mixtúra	Misjafnt	13. og 14. ágúst
Sorg barna	Starfsmenn grunnskóla og deildarstj. Á leikskóla	Sorgar- miðstöð	1,5 klst	16. ágúst
Sumarsprotar	Starfsfólk í grunnskóla - aðrir en kennarar	SFS		19. og 20. ágúst
Málproski barna	Grunnskóla starfsmenn deildar- stjórar leikskóla	Austur- miðstöð - Stella	1,5 klst.	19. ágúst kl. 9
Þrautseigja í lífi og starfi	Grunnskóla starfsmenn deildarstjórar leikskóla	SHJ - ráðgjöf	2 klst	22. ágúst - starfsdagur
Leiðsagnarnám	Grunnskóla- og leikskóla kennarar	Stjórnendur	7 klst	Allt skólaárið
Skyndihjálp	Allir starfsmenn	Heilsuvernd	4 klst	27. september - starfsdagur
Lestur	Grunnskóla kennarar	Miðja máls og læsis	2 klst	október 2025
Málproski	Leikskóla- starfsmenn	Miðja máls og læsis	2 klst	Haustönn
UTÍS online	Kennarar og stjórnendur	Stjórnendur	12 - 15 klst	20. - 21. sept 2024

Símenntunaráætlun starfsmanna Ártúnsskóla 2024 – 2025 - framhald- Námskeið/fræðslufundir/kynningar

ÍSAT	Kennarar og stjórnendur	Miðja máls og læsis	3 klst.	Á skólaárinu
Endurmenntun stjórnenda	Stjórnendur	SFS	8 klst.	Á skólaárinu
Innra mat	Stjórnendur og kennarar	Austurmiðstöð	6 klst.	Allt skólaárið
Útinám og umhverfisfræðsla	Kennarar deildarstjórar á leikskóla	Stjórnendur og starfshópur	2 klst.	Allt skólaárið
Jafningjafraeðsla	Kennarar	Stjórnendur	3 klst.	Allt skólaárið
Leikskólaráðstefnan	Starfsmenn leikskóla	SFS	4 klst.	6. febrúar
Heilsuefling starfsmanna	Allir starfsmenn	Starfshópar í heilsueflingu og umhverfismennt	Misjafnt	Allt skólaárið
Tækninotkun í kennslu	Grunnskóla-kennarar	SFS - Mixtúra	Misjafnt	Á skólaárinu
Byrjendalæsi	Grunnskóla kennarar	Háskólinn á Akureyri	15 klst.	Allt skólaárið
Öskudagsráðstefna (óvíst)	Grunnskóla-kennarar	SFS	3 klst.	5. mars
Íslensku námskeið	Starfsmenn með annað móðurmál en íslensku	Stjórnendur	30 klst.	Á skólaárinu
Höfuð í bleyti	Starfsmenn fristundaheimilis	SFS	4 klst	Á vorönn

Skólastjórnendur áskilja sér rétt til að fella niður námskeið / fræðslufundi eða færa til á skólaárinu.

Samstarfsverkefni grunnskóla- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2023 - 2024

Með góðu samstarfi, samskiptum og upplýsingaflæði milli skólastiga aukum við líkurnar á því að upplifun barna og annarra viðkomandi af þáttaskilum verði jákvæð. Samstarfssamningur milli grunnskóla- og leikskóladeildar stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu grunnskóla- og leikskóladeildar með það að markmiði að auðvelda nemendum að fara á milli skólastiga.

Á elstu deild leikskóladeildar, Háholti, eru samtals 22 börn. Í Fjólubláa hóp (árg.2018) eru 12 börn og í Bláa hóp (árg.2019) eru 10 börn. Nemendur í 4.bekk og fjólublái hópur eru vinabekkir.

Stjórnendateymi fundar vikulega og þar er unnið að samstarfi og skipulagningu í tengslum við samstarf á milli skólastiga. Á kennarafundum er farið yfir verkefni og skipulag fyrir hvern mánuð.

Í hverjum mánuði vinnum við að samstarfsverkefnum á milli skólastiga. Þar má nefna:

- Heimsókn á bókasafn í sögustund
- Íþróttir í íþróttasal
- Heimilisfræði - bakstur
- Vinabekkir hittast
- Heimsókn í 1. bekk
- Heimsóknir eldri nemenda á leikskóladeild
- Hádegisverður í matsal grunnskóla að vori
- Samstarfsverkefni
- Sameiginleg þemavinna yfir skólaárið
- Samverustundir á sal
- Tónmennt
- Dans

Íþróttatími í íþróttahúsi

Leikskóladeild á fastan tíma í íþróttahúsi á þriðjudögum frá 9:05 - 10:45. Í íþróttahúsinu fá leikskólabörnin tækifæri til að nýta þau tæki og tól sem eru í íþróttahúsinu með leikskólakennurum sínum.

Heimsóknir í 1. bekk

Í heimsóknunum munu leikskólabörnin hitta nemendur 1. bekkjar sem eru mörg hver fyrrum leikskólafélagar þeirra, fá að kynnst kennslustofu, vinna í kennslustund, leika saman, borða nesti og fara í frímínútur.

Skólasafn

Sögustund/kennslustund á skólasafn skólans, lesin er saga fyrir börnin og þau skoða bókasafnið og bækur safnsins.

Frístundaheimilið Skólasel

Skólasel, leikskólabörnin fara í heimsókn í Skólasel og kynnst húsnæði og efnivið.

Samverur

Á föstudagssamverum í grunnskólanum sjá leikskólabörnin afrakstur bekkjanna sem eru með samverur.

1. bekkur úr Ártúnsskóla:

1. bekkur heimsækir Fjólubláa hópinn í leikskólann í desember, syngja með þeim jólalög og eiga saman jólastund.

Eldri nemendur – heimsóknir:

Nemendur úr 4. bekk munu heimsækja leikskóladeildina og lesa stuttar sögur og ljóð fyrir leikskólanemendur. Fjólublái hópur mun einnig heimsækja 4. bekk og þá gefst tækifæri til að leika, lesa, spila, fönndra og fleira í grunnskólanum.

Samstarfsverkefni

Fjólublái hópurinn mun vinna þemaverkefni með 1. bekk og frístund. Skipulag í umsjón 1. bekkjarkennara, forstöðumanns frístundar og deildarstjóra stoðþjónustu ásamt deildarstjóra Háholts.

Fulltrúar nemenda úr Fjólubláa hóp funda a.m.k. 3 fundi með umhverfisnefnd grunnskólans þ.e. undirbúningsfund að hausti, aðalfund að hausti og vörfund. Starfar með grunnskólanum að verkefnum eins oft og þörf er á.

Fjólublái hópur borðar hádegisverð í mötuneyti grunnskólans eina viku að vori til að kynnst þeirri rútínu og æfa sig fyrir komandi grunnskólagöngu.

Nemendur grunnskólans eru velkomnir í leikskólann þegar það hentar báðum aðilum. Best er að hringja yfir á undan til að spyrja hvernig staðan er. Sími hjá Svövu er 7691.

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nyársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýðsdagurinn	1 S
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F STARFSDAGUR	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Sjömannadagurinn
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M STARFSDAGUR	5 M Öskudagur	5 L	5 M STARFSDAGUR	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándinn	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F Skólasit grunnskóla
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur tónlistarskólans	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F Leikskóli opnar	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hvítasunnudagur
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunnu
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ Dagur íslenska táknaðsins	11 Þ	11 F	11 S	11 M
12 M Foreldraviðtöl ný börn	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S Pálmasunnudagur	13 Þ	13 F
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M Dagur stærðfræðinnar	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F Skírdagur	17 L	17 Þ Lýðveldisdagurinn
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F Föstudagurinn langi	18 S	18 M
19 M Aðlögun hefst	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M STARFSDAGUR	19 L	19 M	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S Páskadagur	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M Annar í Páskum	21 M	21 L
22 F Skólaopning grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F STARFSDAGUR	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur - upphaf Góu	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F Vetrarfrí grunnskóla	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Böndadagur - fyrsti dagur þorra	24 M Vetrarfrí grunnskóla	24 M	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F Vetrarfrí grunnskóla	25 M	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ Vetrarfrí grunnskóla	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M Aðlögun eldri	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F STARFSDAGUR	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M Vetrarfrí grunnskóla	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M		29 L	29 Þ	29 F Uppstigningardagur	29 S
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 S	30 M	30 F	30 M
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F		31 M		31 L	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir daga. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelldt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólustjórnendur leik- og grunns-

Ágúst		Janúar
Leikskólinn opnar eftir sumarleyfi Foreldraviðtöl vegna nýrra barna		2. STARFSDAGUR 6. Þrettándinn Lestrarsprettur 19. Bóndadagur, þorrablot í hádegi Dótadagur Vasaljósadagur
September		Febrúar
Evrópski tungumáladagurinn 26.09 Aðlögun nýrra barna Litadagur Foreldrasamtöl Hópastarf hefst á deildum 27. STARFSDAGUR Hreystidagur 12.september Dagur læsis 8.september Lestrarsprettur		6. Dagur leikskólans 6. STARFSDAGUR 7.Dagur tónlistarskólans - verkefni
Október		Mars
Aðalfundur foreldrafélagsins Foreldrakaffi: foreldrum boðið í heimsókn á deild að morgni dags 27. Alþjóðlegi bangsadagurinn 31.Hrekkjavaka		Foreldramorgunn: kaffi, teikna saman fjölskyldumynd 3. Bolludagur 4. Sprengidagur 5. Öskudagur: furðufataball í sal 14.Dagur stærðfræðinnar 19. STARFSDAGUR 21. Alþjóðlegi downs dagurinn
		Apríl
		Barnamenningarhátíð 24. síðasti vetrardagur: Náttfatadagur 23.Umhverfisdagur Foreldrasamtöl
Nóvember		Mái
8. Baráttudagur gegn einelti: unnið með vináttu 16. Dagur íslenskrar tungu 22. STARFSDAGUR Jólafondur foreldrafélagsins Litadagur		5. STARFSDAGUR 14.Íþróttadagur 22.Vorhátíð Opið hús í lok dags Elstu börnin fara í heimsókn í grunnskóladeild með foreldrum sínum
Desember		Júní
Jólastemning á deildum Fullveldisdagurinn 1. desember Piparkökubakstur barna Leitin að jólasveininum = Foreldrum boðið með Rauður dagur/Jólasveinahúfur Jólasýning á Árbæjarsafni (árg.2018) Jólaball og jólamatur		Útskriftarferð elstu barnanna Útskrift elstu barnanna Foreldraviðtöl vegna nýrra barna Útidótadagur
		Júlí
		Leikskóladeild lokar í fjórar vikur